# Bréf frá Jónatani Hallvarðssyni

Bjarni Benediktsson – einkabréf – Jónatan Hallvarðsson –1930 – 1931

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Uppvaxtar- og námsár
Askja 1-6, Örk 3

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Reykjavík, 31.12.1930

Kæri vinur,

Ég þakka þjer fyrir skeytið um daginn og brjefið, sem ég var að fá frá þjer áðan. Stimpilsmerkið hvílir á gæslumanni skrifstofunnar, svo að það er altaf í lagi frá því sjónarmiði.

Íslandið fer í kvöld klukkan 8. Ég tók mig því til og ljet strax búa til passa handa þjer og er þetta við hann að athuga:

Hann er gefinn út sama dag og gamli passinn var eftir því, sem hjer liggur fyrir, og er á honum myndin, sem þú skildir hjer eftir. Undirskriftina vantar undir myndina, og áttu því að setja hana, áður en þú notar hann. Það var ekki hægt að sjá, til hve langs tíma hinn passinn hefði verið gefinn, svo að við seldum þjer það í sjálfsvald að ákveða það, og skildum því eftir eyðu fyrir einingarstafinn í ártalinu, og áttu því að útfylla. Þú ættir því að geta gert, án þess, að það sjáist úr.

Þegar þú hefir athugað þetta er passinn náttúrlega í lagi gagnvart þeim, sem þú hefir ekki komist í kast við áður út af hinum passa-

gamm, en það er náttúrlega dálítið spursmál, hvernig að skuli fara, ef þú þarft að nota hann hjá þeim sömu og getið hafa að nýgoesendri við þann gamla. Þeim mundi ef til vill þykja tilkoma þessa nýja passa dularfull. Mjer var því að detta í hug, hvort ekki væri tiltækilegt, að segja þeim, ef á þyrfti að halda, að passinn hefði upphaflega verið gefinn út in duplo, og þú síðan fengið sent annað eintak, en þú ættir því að bera vel saman eintökin. Annars ræður þú best fram úr þessu sjálfur ef þínu aðkoma spurs, og ef þú þarft með, þá þarftu ekki að senda okkur gamla passann. Þú mátt gjarnan hafa þá báða, ef þú vilt.

Eg hefi ekki tíma til að skrifa meira, því að eg þarf að koma þessu í póstinn núna, svo að þú fáir það áreiðanlega fyrir jól því að það væri helst að þú fáir eitthvað.

Vertu svo blessaður. Eg bið að heilsa Rúti.

Þinn
[illegible]

Svarað 13 - 14. april. '31.

Reykjavík, 17 febrúar 1931

Kæri vinur –

þakka þjer fyrir brjefið þitt seinast og alt gamalt og gott. Það liður ilt fyrir, at þú átlir at standa af þjer alla sjóði þanna iti, einsog vit máttu búast, bæði politiska og persónulega. Það má nú getu heita í ísafrgóðu búlandi og þjóðland er, og þar sem konur eru helmingi fleiri en karlmenn, og politikin á einhverjum hinum hæfulasta stadii, sem hugsanlegt er – en það er nú best at vera ekki at tala um þig, því þar get eg at sjálfsögðu ekki fært þjer neinn fróðleik, og enga ástæðu hefi eg til þess at fara at skamma þig, og er því best at eg haldi mjer við mig og mitt umhverfi.

Það er þá fyrst af mjer at segja, at eg gifti mig fyrir jólin í vetur, og er því sem stendur búandmaður, og gæti því gefið þjer at jeta, ef at garði bæri. Eg hefi sæmilega afkomu financielt enn sem komið er, enda hækkaði Hermann við mig uppí 500 kr. um nýárið, svo er eg og barnlaus enn þá. Eg er nú reglumaður á hinetna, stunda starf mitt af alúð og skyldurækni og er þrýtilegur heimilis

fatir.

Í pólitíkinni hjer heima hafa þeir hlutir þótt merkastir, að nokkrir drengir ljetu illa á bæjarstjórnarfundi hjer fyrir nýjárið, og það svo mjög að þessu, að bæjarstjórnin varð að hætta störfunum og nokkrir lögregluþjónar hlutu meiðsl og einhver skalli brotnaði. Var nú gott tækifæri fyrir yfirvöldin til að sýna röggsemi sína, og voru því að fyrirlagi frá hærri stöðum fjórir fuglar gripnir og settir í tugthúsið, sakaðir fyrir brot á 12. kapít. hegningarlaganna, einkum 118. gr., og voru þeir haldnir í fangelsi í fjóra daga. Var mér síðan falið að rannsaka mál þessara manna, og hefir ekkert frekar verið í því gert enn þá. Bjuggust allir við að Hermann mundi sjálfur taka mál þetta, en „húsbóndinn" sá fyrir því, að því var skelt á mig, og hefi eg grun um, að hann hafi þar með ætlað að setja mig á eins konar steikarapönnu, með því að hann hefir haldið mig full radicalan. – Þú hefir náttúrlega lesið frjettirnar í blöðunum um þetta skrallalega kalsuppþot. Það má vel vera, að þeir hafi hagað sjer eins og ~~ast~~ asnar, en bæjarstjórnin hefir þó hagað sjer ver, því að hún er áreiðanlega með allra vitlausustu pólitísku samkundu.

um í veröldinni. Og innan hennar eða hjá bæjarstjóranum þekkist alls ekki pólitísk móral. Besta og nýjasta dæmið er það, að um daginn lofaði bæjarstjórinn hátíðlega atvinnubótum eftir mikið þref. En hvað heldur þú, að þeir geri? Þeir taka 40 menn í vinnu, en ráku 60, sem áður höfðu fasta vinnu hjá honum. Um heilyndi bæjarstjórans er það best dæmi, að á nýafstöðnum bæjarstjórnarfundi bar Einar Arnórsson, ásamt nokkrum íhaldsmönnum, sem hann hefði platað með sér, upp tillögu um atvinnubætur. Er Knútur heyrði tillögu þessa, lýsti hann því ítrekað yfir, því eftir að hann hafði sagt það einu sinni, spurði E. A., hvort þetta væri virkilega meiningin, að hann segði af sér embættinu, ef tillagan yrði samþykkt. Nú, en tillagan var samþykkt, en Knútur situr vitanlega enn. Guð forði þér frá því, að verða ekki einn af þessum bersyndugu.

Annars er hér ekkert að frétta yfirleitt, sem nokkurt varið sé takandi á. Hér er vitaskuld eins og annars staðar hálfgert harðæri og vandræði, þetta, sem fólk kallar kreppu eða anga af svo kallaðri alheimskreppu. Fólk fer hér á sveitina í hrúgatali og lifir margt helvítis hundalífi, bæði til matar og húsa. Þeir

eru hjer dæmi að sumstaðar sje uppundir 10 manns í sama herberginu, og geta menn getið sjer til, hvílíkt hundalíf það muni vera. En það eina, sem þetta fólk fær, er það, að einhver prestkuðlan lítur inn til þess, en auðvitað að fyrir borgun, þegar einhver vesalingurinn hrökkur uppaf, og segir því með hálfsögðum orðum, að það skuli ekki vera að sýta yfir kjörum sínum, eða sýta í borgarstjóranum, því að borgarstjórinn fari til helvítis þegar hann deyi, en sá, sem svelti í hel, þurfi ekki að vera hræddur við að koma yfir um, því að þar gapi himnaríki við honum. Það sje því, þegar öllu sje á botninn hvolft, ekki svo vitlaust að svelta í hel.

Mjer virtist, sem þú sjert hvorki fasisti eða kommunisti, eða sem sagt, að þú aðhyllist lítið alment viðurkenda Vestur-Evrópu og Ameríku þjóðskipulag. En mjer finst þetta borgara-parlamentariska þjóðskipulag hafa sannað sig forkastanlegt — En það virðist svo sem allar myndir þess, conservativar, liberalir og socialistar, eigi þar jafnan hlut að máli. En ekki alt, sem hnígur að þeirri staðreynd: Það má t. d. heita algjörlega sannað af reynsl

unni, at það verður alls ekki samist hjá periodiskum styrjöldum með hinu gamla fyrirkomulaginu. Og af hverju stafar alt þetta helvítis hallæri í heiminum? – sultur, klæðleysi og yfirleitt allur nauðsynja skortur. Það er víst sannað, at það er ekki af framleiðsluskorti, heldur beinlínis af ólagi skiftingu framleiðslunnar. En skifting framleiðslunnar og framboð hennar miða bersýnilega ekki við þörfina, sem er fyrir hana á ýmsum stað og tíma eða við notagildi hennar í ákveðna átt, heldur einungis við viðskiftaágóða framleiðandans, sem kallaður er. Ef t. d. bóndi í Kanada á hveiti og kolanemi í Bandaríkjunum kol, þá er kolanámumaðurinn látinn svelta, heldur en at skift sé á vörum, ef verðhlutfall hveitis og kola er þannig, at hveitibóndanum má standa einungis á sama hvora hann brennir.

Ég veit at þú ert nú ekki frekar en ég hrifinn af þessu gamla góða þjóðskipulagi, en þú virðist hafa trú á því, at gætir skulum eins og við getum hoppað upp á það svo dagi, án þess at gera neinar grundvallar breytingar á því, en ég hefi satt að segja enga trú á því; og byggi ég það álit mitt á því, at meðan virðist

hinum sjónu mundum borgaralegs þjóðfélags
hafa vegnað ; afurilla svona nokkurn veginn
og verður þá ekki annað sagt, en að það
hefi nægir fengið tækifæri í að sýna sig með
vel mentum þjóðum, sem kallað er. Hins
vegar er alls ekki sagt, að við höfum enn
þá komið auga á það skipulag, er endanlega
yrði viðunanlegt, enda væri það næsta ólík-
legt. Ég sagði áðan, að þú mundir hvorki
vera fasisti eða kommúnisti, heldur einhvers-
staðar þar í milli, en mér finst ég hvergi
geta átt heima þar í milli, svo það er alveg
ófyrgt með okkur. Hins vegar er ég alls ekki á
því hreina með, hvað ég vil, og sumir ég þó
um að ég er ekki enn sterkur í hinum
politísku theoriunum. Þú gerir nú að sjálfu
litið úr politísku theoriunum. En að mínum
álitum getur maður ekki svo vel fáið skrifað
og stjórnað ótheoretískt úr því að einyrkjabúskapurinn
sleppir —.

Þetta er nú alt relatíva útlegsa, sem ég
er búinn að skrifa, en það ill bara til að
það er engum smábeinum natt, þar sem þú
ert, svo að ekkert er hætt við, að það glæði þig
útlausan.

Að tilbúnum okkar hérna heima er ekkert

af fjelta, nema á ilt eitt.

Pjetur Hafstein er dautur sinn og þá auktitat leist. Þá er nú farin þrír af minnum árgangi, allir þeir af betri endanum at minsta kosti.

Úlfar Jónsson hefir nýlega lent í miklu ófærð. Hann hefir sem sagt orðit uppvís at því at falsa ávísanir á nokkra menn út úr Landsbankanum. Var mál þetta sent til rannsóknar og játaði hann þetta þar. Hvat gert verður við hann, veit eg ekki enn þá, en eg held at búið sje at fá handa honum læknisvottorð um sjúklega tilhneigingu í þessa átt, og má því búast við at þetta verði annaðhvort látið falla niður eða at hann verði tekinn mildari tökum en ella. Hann var búinn at fá vinnu í Landsbankanum, en þetta gerðist og notaði afstöðu sína svona þar. En nú hefir Kallinn komið honum austur at Úlfljótsvatni.

Ragnar tók próf um daginn og fjekk eitthvat um 12½ stig. Sundlit misheppnaðist með öllu. En ekki vitist þat hjá Ragnari alvarlega, því at hann fjekk mjög sambærilega einkunnir í munnlegu og skriflegu, komst meira at segja öllum til mikillar undrunar niður í 9⅔ í einu

fagnin. Amlóatur bygjast og á sráfsins, en hætti at eimn fagi bonum vasir siðaleiza, og hefir nú ef til vill verið slegnum ofin því hvernig fór með bjargráðum.

Það er talsvert at gjöra hjá mjer núna. Það voru seldir 6 spriltsalar á föstudaginn og laugardaginn s.l., og eru þeir nú allir búnir at metganga, nema einn, sem enn situr inni. Er það faðir þeirra Guðmundsemar, Guðmundur Helgason, sem dæmdur var í fyrra.

Síðast liðið laugardagskvöld var eg i samsímusaffi á Hotel Borg. Þar var margt manna viðstaddra. Hitti eg þar rall föður þeirra, og bast talið at því, og þótti honum því ritur all mjög. Þeir hossuðu nú jörunni í sæti föður síns, sem þeim fanst víst ekki lengur nógu þægur.

Annars er ekkert merkilegt at gerast hjer í daglega lífinu, þat veistu vel, en lífið virðist yfirleitt litt frjálst og einvant til lengdar hjer heima. Það er altaf sama malið vors aftur og aftur og sömu draumirnar, sem láta til sín heyra.

Eg hugsa mjer at alvarlega at skreppa einhverntíma út fyrir landsteinana, þó ekki væri nema fáeina mánuði. Væri gaman í því efni at heyra frá þjer, hvað skikkalegan

mann mundi kosta at lifa t.d. í Berlín nú á tímum.

Mjer hefir dottið í hug, hvort mjer mundi ekki fært at smíða einhverja klukku til skotsilfurs í slíkt ferðalag. Eina leiðin, sem mjer virðist at ekki kunni at vera alveg ófær er sú, at fá at halda kaupi í nokkurra mánaða fjarveru. Það virðist alls algengt, at menn fái at fara slíkar ferðir, en sennilega er ég ekki orðinn nógu mikil loppfígúra eða gróinn klíkulimur til þess at svo megi takast.

Eins þætti mjer vænt um, ef þjer vissuð um einhverjar bækur, eða þess háttar, sem þú gætir ætlað, at mjer mætti at gagni koma, at þú bentir mjer þá á það. Sömuleiðis, ef um einhvern kursus væri að ræða, er mjer væri heppilegur.

Ég bið nú at heilsa Rúnu og þeim öðrum, sem ég kann at þekkja af fólki, sem þú umgengst. Svo á ég og at skila kveðju til þín frá konu minni – vona at þú skrifir mjer bráðum.

Vertu svo blessaður og sæll
þinn einl.
[illegible]